



---

# NÁMSKRÁ

---

Forskólahópur Víkurskóla



SKÓLAÁRIÐ 2023-2024  
KOLBRÚN ÓSK GUÐJÓNSDÓTTIR AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI



## Efnisyfirlit

Um forskólann .....	2
Læsi.....	3
Læsi og samskipti .....	3
Heilbrigði og velferð.....	4
Heilbrigði og vellíðan .....	4
Sjálfbærni.....	4
Sjálfbærni og vísindi .....	4
Sköpun .....	5
Sköpun og menning .....	5
Lýðræði og mannréttindi.....	7
Jafnrétti .....	7



## Um forskólann

Vorið 2023 samþykktu stjórnendur Víkurskóla að verða við beiðni sveitarfélagsins um samstarf við leikskólann um að skólinn tæki við elsta árgangi leikskólans og sá hópur yrði sérstakur námshópur. Skólinn hafði áður tekið að sér slíkt verkefni skólaárið 2019-2020 og 2022-2023 og af því var góð reynsla. Einn af kennurum skólans með áherslu á yngri barna svið hefur umsjón með hópnum auk kennaranema með kjörsvið á yngri barna sviði. Byggt var á þeim grunni og reynslu sem fyrir var, frá fyrri forskólaverkefnum.

Gildi Víkurskóla „gæði, gleði, gróska og gagn“ voru höfð að leiðarljósi við gerð námskrárinnar sem og hugmyndafræði uppeldis til ábyrgðar og heilsustefna skólans þar sem Víkurskóli er heilsueflandi skóli. Einnig eru áherslur á náttúru og umhverfi en Víkurskóli er jarðvangsskóli innan Kötlu jarðvangs.

Forskólahópurinn fylgir skóladagatali Víkurskóla og nemendur eru að hluta til í samkenndu með nemendum 1.-2. bekkjar þegar það hentar, s.s. í hreyfistundum og list- og verkgreinum.

Hópurinn tekur þátt í helstu viðburðum skólans.

Á grundvelli markmiða laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar:

- Læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun

og eru þeir hafðir að leiðarljósi við gerð þessarar námkrár. Grunnþættir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun á öllum skólastigum. Starf forskólans er samþætt og skapandi þar sem að leikurinn er námsleið barnsins. Grunnþættirnir eru skilgreindir út frá námsviði forskólans og eru nánar útskýrðir í köflunum hér á eftir.



## Læsi

### Læsi og samskipti

Markmið:

Að nemendur heyri fjölbreytt og vandað málfar. Noti málið til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu. Sjái ritmál notað við margvíslegar aðstæður í forskólanum og öðlist skilning á að ritað mál og tákni hefur merkingu. Auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Noti málið til að afla sér þekkingar. Kynnist því að til eru mismunandi tungumál og þrói jákvætt viðhorf til ólíkra tungumála.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur hafi aðgang að bókum og að noti ritmál í leik. Þau hafi aðgang að textum og bókstöfum sem leikefni. Þau eru hvött til að eiga jákvæð samskipti við börn og fullorðna. nemendur temji sér góða samvinnu og hafi aðgengi að fjölbreyttu leikefni sem hvetur til læsis.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur vinni saman að verkefnum sem að hvetji til góðra samskipta og vináttu. Þau geri saman og skrá sögu/ljóð og leikrit. Þau fylgi munnlegum leiðbeiningum og hafi samvinnu um frágang og tiltekt.
- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að rætt sé um nánasta umhverfi, árstíðir, veðurfar ofl. Nemendur séu hvattir til sjálfshjálpar sem og að aðstoða hvert annað við að klæða sig. Þau gangi vel um fataklefan sinn og að þau upplifi að þeim sé heilsað og þau kvödd hlýlega og þau tileinki sér það.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur hlusti á sögur og bækur með og án mynda. Þau fari með þulur og rím og söngva og að læra krefjandi þulur og ljóð. Þau vinni með stöðu hljóða í orðum og kynnist öðrum tungumálum. Einnig að þau hlusti á gamlar sögur og sagnir.
- ❖ Í matartímum: Þar upplifi nemendur rólegt og notalegt andrúmsloft og lesmál sé aðgengilegt t.d. með sætaskipan, matseðli ofl. Einnig að uppi séu notalegar samræður um matinn og líðandi stund.
- ❖ Við líkamlega umhirðu: Að uppi séu aðeggnilegar leiðbeiningar í myndrænu og rituðu máli um handþvott, daglega umhirðu sem og þau hvött til að taka tillit til hvors annars.



## Heilbrigði og velferð

### Heilbrigði og vellíðan

Markmið:

Að nemendur eigi kost á alhliða hreyfingu sem að fullnægir hreyfiþörf þeirra eftir getu og samhæfingu hreyfinga. Þau reyni á sig og einnig slaki á. Börnin þrói með sér jákvæða líkamsvitund og verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir. Einnig að þau tengi heilbrigða lífnaðarhætti við holla fæðu og nægilegan svefn.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur hafi aðgang að mismunandi hreyfivæðum utandyra sem innandyra og að þau velji sér viðfangsefni sem að stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur fari í hringleiki og dansa þar sem að þau nota líkamann og reyni á sig sem og að vinn með fínreyfingar.
- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að nemendur hafi afnot af fjölbreyttum leiktækjum og fái tækifæri til að nota mismunandi leiksvæði ekki síst í okkar fallegu náttúru í kringum skólann. Þau klæði sig í og úr sjálf og fari út í flestum veðrum.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur fari í leiki sem að reyni bæði á fín- og grófhreyfingar og láti fara vel um sig og velji sér stellingar sjálf.
- ❖ Í matartímum: Að nemendur noti hnífapör, þau smyrji og helli í glös og að rætt sé við þau um matartegundir og hollustu þeirra.
- ❖ Við líkamlega umhirðu: Rætt sé við nemendur um gildi hreinlætis, líkamsumhirðu og sóttvarnir.

## Sjálfbærni

### Sjálfbærni og vísindi

Markmið:

Að nemendur kynnist fjölbreyttni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu. Þau kynnist



lífríkinu og nánasta umhverfi og tengi það árstíðum. Börnin umgangis náttúruna af virðingu og upplifi sjálfbærni sem sjálfsagðan hlut af skólastarfinu. Þau kynnist mismunandi eiginleikum efna og hluta og noti ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur hafi aðgang að náttúrulegu leikefni (raða, flokka, greina) og leiki sér með stærðfræðileg hugtök. Þau leiki sér með magn og mælingar, formlegar sem og óformlegar. Þau hafi einnig aðgang að tilrauna/vísinda- og kubbasvæðum og geti leikið sér með ljós og skugga.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur vinni saman með náttúrulegan efnivið og nota fjölbreytt áhöld. Þau læri um og vinni með endurvinnslu og sjálfbærni og fari í alls konar leiki og þrautir þar sem að fram kemur stærðfræði og hugtök.
- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að nemendur vinni úr náttúrulegum efnivið úti og inni og þau veiti athygli á formum, fjölda og tölum í umhverfinu. Þau beri virðingu fyrir umhverfinu og skilji að vistspor hafa áhrif til framtíðar.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur fræðist um umhverfið, dýr, plöntur, árstíðir og veðurfar. Þau þekki helstu staðhætti í nærumhverfi sínu. Þau vinni með stærðfræðihugtök og verkefni sem hvetja til vísinda- og rökhugsunar. Þau noti dagatal og klukku og taki þátt í heimspekilegum umræðum.
- ❖ Í matartímum: Að nemendur fari vel með mat og velti fyrir sér ólíkum fæðutegundum og uppruna þeirra einnig að fjallað sé um flokkun, endurvinnslu og moltugerð.
- ❖ Við líkamlega umhirðu: Að nemendur fræðist um vistspor við daglega umhirðu í formi vatns, sápu og pappírsmotkunar.

## Sköpun

### Sköpun og menning

Markmið:

Að nemendur vinni með fjölbreyttan, skapandi efnivið og noti ýmis áhöld. Þau tjái hugmyndir sínar og skapi út frá eigin upplifunum, t.d í myndlist, tónlist, leiklist og upplýsingatækni. Þau



vandi verk sín, fullvinni þau og gangi frá eftir sig og þroski með sér næmni fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda. Að þau vinni í hóp að sameiginlegu markmiði og þekki helstu hátíðir í íslensku samfélagi og siði sem tengjast þeim. Einnig að börnin hafi frjálsan aðgang að margvíslegum búnaði og aðstæðum þar sem þau læra og líður vel.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum efnivið og áhöldum til skapandi vinnu og hafi tækifæri til að vinna frjálst með hljóðfæri og hljóðgjafa og hlusta á fjölbreytta tónlist. Þau hafi aðgang að skapandi umhverfi, úti og inni, þar sem að þau beita fín- og grófhreyfingum. Að þau gangi frá og taki til og noti kímni í leik.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur vinni að sameiginlegri listsköpun, s.s myndlist, tónlist, leiklist o.s.frv. Þau skrái, flytji og tjái sig um verk sín og taki þátt í dans- hreyfi- og söngvaleikjum. Einnig að þau vinni verkefni tengd mismunandi menningu og fjölbreytileika mannlífsins.
- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að nemendur fari á sýningar, tónleika og söfn sé þess kostur. Þau hlusti á og kanni umhverfishljóð og geti greint hvaðan þau koma. Þau vinni með íslenska fánann og aðra þjóðfána og fari í vettvangsferðir sem bjóða uppá mismunandi upplifun.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur skoði saman bækur með listaverkum og ræði myndskreytingar í bókum. Þau hlusti á fjölbreytta tónlist og vinni með takt og hljómfall sem og að fjalla um mismunandi menningu. Einnig að þau ræði um sig sjálf, heimili, símanúmer, afmælisdaga, nöfn fjölskyldumeðlima og mismunandi fjölskyldugerðir.
- ❖ Í matartímum: Að nemendur sjái að matur sé fallega fram borin og þau kynnist gömrum og nýjum matarhefðum og mat frá ýmsum löndum. Þau noti borðsiði, sýni tillitsemi, hjálpsemi og samhjálp. Þau aðstoði við undirbúning matmálstíma sem og frágang.
- ❖ Við líkamlega umhirðu: Að nemendur noti hlífðarföt við myndsköpun og hugi að hreinlæti eftir listsköpunina.



## Lýðræði og mannréttindi

Markmið:

Að nemendur eigi jákvæð, viðurkennandi samskipti, sjái sjónarmið annarra, sýni umburðarlindi og tillitsemi, hjálpi hvert öðru og deili með öðrum. Þau beri ábyrgð og meti skólastarfið og taki ákvarðanir sem að varða það. Einnig að þau noti lýðræðisleg vinnubrögð og læri að vinna sjálfstætt og búi við umhverfi sem stuðlar að námi og vellíðan og virði verk og skoðanir annarra.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur hafi raunverulegt val um leiksvæði og viðfangsefni og taki sjálfstæða ákvörðun varðandi það.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur taki lýðræðislegar ákvarðanir sem hafa áhrif á skólastarfið.
- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að nemendur taki þátt í að ákvarða klæðnað sinn fyrir útiveru og útinám t.d. með tilliti til veðurfars.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur ræði og taki ákvarðanir um skólastarfið og hafi áhrif á hvaða bækur eða viðfangsefni er tekið fyrir hverju sinni.
- ❖ Í matartímum: Að nemendur skammti sér sjálf.
- ❖ Við líkamlega umhirðu: Að nemendur hjálpi sér sjálf á salerni og við andlits- og handþvott.

## Jafnrétti

Markmið:

Að nemendur upplifi að öll eigi sama rétt og beri sömu ábyrgð. Þau kynnist mismunandi þjóðmenningu og temji sér jákvætt viðhorf til ólíks uppruna og sérkenna annarra. Einnig að þau kynnist mismunandi fjölskyldugerðum.

Leiðir:

- ❖ Í gegnum leik: Að nemendur upplifi að öll höfum við jafnan aðgang að leikefni og valsvali og fái hvatningu til að leika sér með fjölbreyttan efnivið óháð hefbundnum kynjahlutverkum.
- ❖ Í hópavinnu: Að nemendur hafi jafnan rétt til þátttöku og því að hafa áhrif og stjórna.
- ❖



- ❖ Í fataklefa, útiveru og vettvangsferðum: Að nemendur heyri að allir litir, t.d. á klæðnaði eru jafnt fyrir alla.
- ❖ Í samverustundum: Að nemendur ræði um að allir eiga sama rétt óháð kyni, aldri, trúarbrögðum getu o.s.frv. Einnig að þau ræði um störf fólks og starfaval óháð kyni og fyrir þau sé lesnar bækur þar sem að kynhlutverk eru óhefðbundin.
- ❖ Í matartímum: Að nemendur hafi sama rétt og skildur í sameiginlegum máltíðum.

